

laus. Málsfærslan fyrir yfirdóminum hefir verið lögmæt.

Því dæmist rétt vera:

Aukaréttardómurinn á vera óraskaður. Ákærði Einar Finnsson greiði og allan áfrýjunarkostnað málsins, þar með talin málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, yfirréttarmálaflutningsmanna Einars Benedikssonar og Odds Gíslasonar, 15 kr. til hvors þeirra.

Dóminum að fullnægja með aðför að lögum.

Nr. 28/1900:

Hannes Thorsteinsson
fyrir hönd Thor E. Tulinius
gegn
Ben. S. Þórarinssyni.

Úrskurður:

Eftir að gagnátrýjandinn Ben. S. Þórarinsson hafði fengið leyfisbréf til að leggja fram ný skjöl og skilríki í málinu, kom hann fram með og lagði í rétt hinn 15. okt. þ. á. ýms ný skjöl, sem öll eru gefin út og fengin í Kaupmannahöfn. Aðadaláfrýjandinn fekk þá $\frac{1}{2}$ mánaðar frest til andsvara í málinu, en að honum liðnum bað hann um framhaldsfrest til næsta réttardags eftir 27. þ. m., til að biða upplýsinga með póstskiði, sem

þá var væntanlegt frá Kaupmannahöfn, sakir nýrra skjala, þeirra er mótparturinn hafði lagt fram. Til vara bað hann um viku framhaldsfrest til andsvara. Gagnáfrýjandi mótmælti fresti til 27. þ. m., eða lengur, sökum þess að áfrýjandi hafi vitað af skjölum þeim, sem framkomin séu, og að það þurfti eð hrekja þau, og það enda síðan málið var fyrir undirrétti. Hann mótmælti einnig varakröfunni nm vikufrest, með því að aðaláfrýjandi hafi þegar áður haft hálfsmánaðarfrest í málinu.

Þó að hin framlögðu skjöl, bréf og skýrslur, aðallega eigi að vera til þess að staðfesta staðhæfingar gagnáfrýjanda fyrir undirrétti, verður því þó eigi neitað, að þau eru ný sönnunargögn, og það verður eigi fortakið, að aðaláfrýjandi þurfi að bera þau undir umbjóðanda sinn, sem búsettur er í Kaupmannahöfn, og fá umsögn hans um þau, en þetta gat hann eigi gjört, fyr en skjölin komu fram. Á hinn bóginn skal það tekið fram, að aðaláfrýjandi var sækjandi í héraði í þessu skuldamáli, og að hann er dómhafi, sem hefir áfrýjað dómi undirréttarins til staðfestingar. Dráttur á málinu hefir því í för með sér drátt á því, að hann fái innheimt skuld sína hjá gagnáfrýjanda, en fyrir gagnáfrýjanda, sem að eins krefst sýknunar í málinu, að því er skuldaskiptin snertir, virðist enginn réttarmissir geta leitt af því, að dráttur verði á málinu, og verður samkvæmt þessu að veita hinn umbeðna frest til mánudags 3. næsta mánaðar.

Fyrir því úrskurðast:
Aðaláfrýjanda veitist frestur í málinu til
3. desbr. næstkomandi.

Mánudaginn 3. desembermánaðar.

Nr. 20/1900: Guðmundur verzlunarstjóri Ólsen
fyrir hönd W. Fischers verzlunar
gegn
Hannesi Thorsteinsson fyrir hönd
Jóns Norðmanns verzlunarstjóra.

D ó m u r:

Mál þetta var höfðað fyrir bæjarþingi Reykja-
víkur af hinum stefnda cand. juris Hannesi Thor-
steinsson í umboði verzlunarstjóra Jóns Norðmanns
á Oddeyri gegn verzlunarstjóra W. Fischers verzl-
unar Guðmundi Ólsen til skadabóta fyrir það, að
W. Fischers verzlun hafi tekið undir sig heim-
ildarlaust fisk Norðmanns, er verzlunin hafði tek-
ið að sér verkun á fyrir hann, og til greiðslu á
uppbót fyrir út teknað vörur við verzlunina, er
stefndi taldi sig eiga kröfu til samkvæmt samn-
ingi. Var málið dæmt á bæjarþinginu hinn 5.
aprilmán. þ. á. með þeim úrslitum, að átrýjand-
inn var fyrir hönd W. Fischers verzlunar dæmd-
ur til að greiða stefnda fyrir hönd Jóns Norð-
manns sem skadabætur fyrir óheimila ráðstöfun
eða töku á fiski hans samtals 2996 kr. 67 a. og
6% vexti af upphæð þessari frá sáttakærudegi til